

Fimmtudagur 31. ágúst



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Hanna vill ekki flytja** (Da Hanna ikke ville flytte). Norsk barnamynd um 5 ára telpu. Pulur Kristín Berta Guðnadóttir. Áður á dagskrá 8. ágúst 1988. (Nordvision – Sænska sjónvarpið).
- 18.20 **Unglingarnir í hverfinu** (De-grassi Junior High). Kanadískur myndaflokkur um unglinga í framhaldsskóla. Þýðandi Reynir Harðarson.
- 18.45 **Táknmálsfréttir.**
- 18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Yrr Bertelsdóttir.
- ➔ 19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Gönguleiðir.** Þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir. – Mývatn. – Leiðsögumaður Ásdis Illugadóttir. Umsjón Jón Gunnar Gjetarsson.
- 20.55 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögregluþinging í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamála. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 21.40 **Heimsstyrjöld í aðsigi** (Count-down to War). Ný bresk sjónvarpsmynd sem sýnir hvað raunverulega gerðist dagana fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar. Handritið skrifaði Ronald Harwood og leikstjóri er Patrick Lau. Aðalhlutverk Ian McKellen, Michael Aldridge og Tony Britton. Ath. Þessi mynd er sýnd samtímis í breska sjónvarpinu, í tilefni þess að nú eru liðin 50 ár frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 23.00 **Ellefurfréttir.**
- 23.10 **Íþróttasýrpa.** Stíkláð á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
- 23.30 **Dagskrárlok.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
- 19.00 **Myndrokk.**
- 19.19 **19:19.** Lífandi fréttatvöngur ásamt umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.00 **Brakúla greifi.** Count Duckula. Bráðfyrind teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Leikraddir: Júlíus Brjánsson, Kristján Franklin Magnús, Þórhallur Sigurðsson o.fl.
- 20.30 **Það kemur í ljós.** Í þessum þætti taka þeir spilaðlagar á móti Sigrúnu Harðardóttur, söngkonu og heimspekingi.
- 21.10 **Klassapiur.** Golden Girls. Gamamyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
- 21.40 **Agatha** Aghatha Christie hefur getið sér góðan orðstir meðal bókmenntafrömuða í Lundúnum. En einkalífði blómstrar ekki að sama skapi því eiginmaður hennar er að yfirgefa hana út af nýja einkaritaranum sínum. Dag nokkurn hverfur Agatha og skráir sig á hressingarheimili undir fólksu nafni svo enginn getur fundið hana. Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Vanessa Redgrave, Timothy Dalton og Helen Morse.
- 23.15 **Djassþáttur.**
- 23.40 **Heimsbikarmótíð í skák.** Páll Magnússon, fréttastóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótnu sem fram fer í Skellefta í Svíþjóð.
- 00.00 **Óskubuskurfi.** Cinderella Liberty. Titill þessarar gamansömu myndar er rakinn til landgöngu-leysis sjómanna sem rennur út á miðnætti. Í einu slíku leyfi kynnist sjómáðurinn, John Baggs, lauslætisdóttir og barstúlku sem hann verður ástfanginn af upp fyrir haus. Aðalhlutverk: James Caan, Marsha Mason, Kirk Calloway og Eli Wallach.
- 01.50 **Dagskrárlok.**

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfreginir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið** með Randver Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.

- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (3). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinnsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Alanon. Umsjón: Alfhildur Hallgrímsdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (7).
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Það er drjúgt sem drýpur.** Vatnið í íslenskum bókmenntum. Umsjón: Valgerður Benediktsdóttir. Lesari: Guðrún S. Gísladóttir. (Endurtekinn þáttur frá 17. ágúst.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn og Beethoven.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á veltvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
- 19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (3). (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.**
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfreginir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Morrison & Morrison.** Sögu-sagnir um dauða poppstjörnu. Umsjón: Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
- 23.10 **Gestaspjall** – Frá því þegar (lang)amma var ung. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 01.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinnsson. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfreginir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsýrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmælisveðjur kl. 10.30. Þarfaping með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útklíki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þriðju og Veidihornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lisa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Meinhornið.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Áfram ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Odnýr Eir Evarsdóttir.

- 22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt....** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bitíð kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
- 3.00 **Næturnótur.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
- 4.30 **Veðurfreginir.**
- 4.40 **Á veltvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00.



- 7.00 **Páll Þorsteinsson** Palli fer á fætur við fyrsta hanagal. Gluggað í blöðin og þægileg tónlist á leið til vinnu. Fréttamenn alltaf á vakt.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Frisk stelpa mætt með allar bestu ballböður seinni ára á vaktina. Síminn hjá Valdisi er 61-11-11.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Besti tónlistarkokteillinn sem völ er á. Óskalagasíminn er 61-11-11.
- 17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson** – Reykjavík síðdegis. Þetta er þáttur hlustenda sem geta haft samband og komið sínum málefnum til skila í gegnum símann 61-11-11.
- 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Rétt tónlistin yfir kvöldmatnum.
- 20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Strákurinn er kominn í stuttbuxur og er í stöðugu sambandi við íþróttadeldina þegar við á.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunþáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara, góð tónlist og tal-málsliðir. Sex fréttatímar á dag. Stjörnuskipt kl. 9 og 11.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Er hann ekki mættur!!! Í stuði eins og venjulega, hádegisverðarþottur Stjörnunna og Hard Rock Café, Bibba á sínum stað ásamt fjöldanum öllum af leikjum og getraunum. Fréttir kl. 10, 12 og 14. Stjörnuskipt kl. 13.
- 14.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Loksins Magga mætt aftur í hljóðver Stjörnunna eldhress. Kl. 16.30 er Stjörnuskiptið valið og eldhúsdagsmæðurnar Talað út eftir sex-fréttir. Fréttastofan á slaginu 16 og 18. Stjörnuskipt kl. 15 og 17.
- 19.00 **Snorri Sturluson.** Nýr liðsmaður á Stjörnunni leikur nokkur vel valin gullaldarlög.
- 24.00 **Næturvakt Stjörnunna.**



- 7.00Hörður Arnarson.
- 9.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 11.00 Steingrímur Ólafsson.
- 13.00 Hörður Arnarson.
- 15.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 17.00 Steingrímur Ólafsson.
- 19.00 Anna Þorlaks.
- 22.00 Sigurður Ragnarsson.
- 1.00– 7 Páll Sævar Guðnason.



- 9.00 **Rótartónar.**
- 13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
- 14.00 **Laust.**
- 14.30 **Elds er þörf.E.**
- 15.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
- 18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
- 19.00 **Neðanjarðargöngin** 7–9–13. Óháður vinsældalisti.
- 21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjalmtýssyni.
- 22.00 **Tvifarin.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**




- 4.30 **Viðskiptaþáttur**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 **A Proplem Shred.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World.** Sæpuópera.
- 11.55 **General Hospital.**
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sæpuópera.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikaþáttur.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
- 18.30 **Beyond 2000.** Vísindabáttur.
- 19.30 **The Streets of San Francisco.** Spennamyndaflokkur.
- 20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **The Down Under Show.** Skemmtiþáttur.
- 13.00 **The Swarm.**
- 15.05 **Journey back to Oz.**
- 17.00 **The Seven Year Itch.**
- 19.00 **The Woman in Red.**
- 21.00 **Lifeorce.**
- 23.00 **The Adventures of Buckaroo Banzai Across the Eighth Dimension.**
- 00.45 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **Performance.**
- 03.00 **The Woman in Red.**



- 9.30 **Snóker.** Opna Ásímótið.
- 10.30 **Trans World Sport.** Bifhjólakappakstur.
- 11.30 **Blak.** Stórmót í Moskvu.
- 12.30 **Hjólreiðar.** Stórmót í Frakklandi.
- 14.30 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Snóker.** Opna Ásímótið.
- 17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
- 17.30 **Surfer magazine.** Brimbretta-keppni á Hawaii.
- 18.00 **Blak.** Stórmót í Moskvu.
- 19.00 **Rugby.** Bretar í keppni við Astrali.
- 20.00 **Frjálssar íþróttir.** Sýnt frá ýmsum mótum.
- 21.00 **Snóker.** Opna Ásímótið.



- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Hotline.**
- 16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
- 17.30 **'Allo 'Allo.** Gamanþáttur.
- 18.00 **Palates of Blood River.** Kvikmynd.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Good Guys Were Black.** Kvikmynd.
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



Þetta sjónvarpsleikrit segir frá einkaviðtölum og pólitískum deilum Hitlers rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina

Sjónvarp kl. 21.40:

Heimsstyrjöld í aðsigi

Þetta sjónvarpsleikrit segir frá þeim einkaviðtölum og pólitísku deilum sem áttu sér stað í stjórnatíð Hitlers í Þýskalandi, nokkrum vikum áður en síðari heimsstyrjöldin braust út. Kemur þarna í ljós aðdragandi styrjaldarinnar.

Á þessum tíma gerði Hitler ýmis mistök og dró hann

rangar pólitískar ályktanir sem reyndist mjög afdrifríkt. Hann sagði Póllandi stríð á hendur, viss um að Bretar og Frakkar myndu ekki berjast á móti. Sagan sýnir að þar hafði hann rangt fyrir sér. Leikritið Heimsstyrjöld í aðsigi, sýnir hins vegar hversu nálægt hann komst því að hafa rétt fyrir sér.

-gh

Stöð 2 kl. 21.40:

Agatha

Í desember árið 1926 hefur ungur og efnilegur rithöfundur, að nafni Agatha, getið sér gott orð meðal bókmenntafrömuða í Lundúnum vegna nýutkominnar skáldsögu sinnar, Morðið á Roger Ackroyd. Einkalíf skáldkonunnar blómstrar hins vegar ekki að sama skapi því eiginmaður hennar er í þann mund að yfirgefa hana til að hann geti gíft einkaritaranum sínum.

Dag nokkurn hverfur Agatha á dularfullan hátt. Þúsundir lögreglumanna og sjálfboðaliða kempa svæði þar sem bifreið hennar fannst yfirgefin, en án árangurs.

Meðal á leitinni stendur kemur Agatha á virt heilsuhæli í Yorkshire þar sem hún innritar sig undir nafninu, fröken Neele frá Suður-Afríku.

Á heilsuhælinu kemst Agatha fljótlega í kynni við líflega en jafnframt hléðræga konu, Efelyn Crawley, sem reynist henni sannur vinur í erfiðleikum hennar.

Það eru fleiri en lögreglan sem leitar Agöthu, meðal þeirra er ungur blaðamaður sem einsetur sér að leysa gátuna. Hann innritar sig á sama heilsuhæli og hún og fylgist náið með hverju spori hennar. Áður en langt um liður er hann hins vegar orðinn yfir sig ástfanginn af Agöthu og þá fer ýmislegt að gerast.



Spennusagnahöfundurinn Agatha Christie hverfur skyndilega af sjónarsviðinu og er viðtæk leit gerð að henni. Það skal tekið fram að myndin er ekki sannsöguleg þó hún beri nafnið Agatha Christie.

Stjarnan kl. 19.00:

Snorri Sturluson

Nýjasti dagskrárgerðarmaður Stjörnunna heitir Snorri Sturluson. Mun hann sjá um þátt hvern fimmtudag á næstunni þar sem hann undirbýr jarðveginn fyrir Íslenska listann sem byrjar klukkan 20.00. Snorri ætlar sér að leika vel valin „gullaldarlög“ sem

hann blandar saman eftir kúnstarrinnar reglum.

Þó tónlistin sé í eldri kantinum, þá heyrast einnig ný og nýleg lög innan um og samanvið.

Fólk getur haft samband við Snorra og pantað sér óskalög.